

## Fundur foreldraráðs/félags haldinn 10. janúar 2017

Mættir: Páll, Bæring, Karenína, Lára, Eva Lind, Kristín, Elísabet, Heiða leikskólastjóri

Heiða lagði fram tillögur að sumarlokun. Ákveðið var að loka í fjórar vikur 12. júlí – 8. ágúst.

Rætt var um SOS barnið okkar hana Jani. Hingað til hefur foreldrafélagið greitt helming á mótí starfsmannafélaginu en gjaldið er 45.000kr á ári. Sumir leikskólar hafa farið í fjáröflun fyrir gjaldinu og þar með opnað frekar fyrir umræðuna við börnin og samfélagið. Heiða athugar hvað aðrir leikskólar hafa gert í fjáröflun og lætur vita.

Heiða sagði frá þróunarverkefninu Að lesa og leika list er góð en það hefur farið hægt af stað í vetur sökum manneklu. Starfsmenn eru mjög áhugasamir en hefur farið mikil orka í að manna daginn og erfitt verið að fara á flug með verkefni. Staðan lítur betur út eftir áramótin og full ástæða til að vera bjartsýnni á að verkefnið komist af stað. Í janúar og febrúar verður áhersla lögð á leikkassa en með þeim er verið að leggja inn ákveðin orð til að efla orðaforða barnanna.

Bókaormurinn heldur áfram á öllum deildum og er í honum bækur á öllum tungumálum sem börnin tala í Reynisholti. Mikilvægt að foreldrar skoði allar bækurnar og fái þannig umræðu um mismunandi tungumál með það að markmiðið að efla virðingu fyrir mismunandi tungumálum.

Leikskólinn er fullmannaður í bili en hreyfing verður í byrjun desember. Hlutfall fagfólks er um 50% en í meðaltalið í Reykjavík er í kringum 30%. Lögum samkvæmt ætti það að vera 66%. Tveir starfsmenn eru í leikskólakennaranámi með vinnu.

Starfsmenn fara í námsferð til Brighthon dagana 29. apríl-3. maí og leikskólinn því lokaður í tvo daga 2. og 3.maí. Starfsmenn munu vera með fjáröflun t.d. bakstur, bazar og fjölnota poka sem gott er fyrir foreldra að nota fyrir útföt barna sinna.

Karenína minnti á tónlistarkennslu sem rætt var um í fyrra og ætlar Heiða að kanna hvort að það standi ekki enn til boða.

Loftræstikerfið er komið í gang en það virkar þó ekki 100% ennþá. vantar hitara svo að hægt sé að setja það á fullt. Heiða ýtir á eftir því.

Bent var á að matseðillinn er ekki alltaf kominn inn á réttum tíma og reynum við að bæta það.

Tillaga kom fram að leikskólinn stofnaði facebook síðu. Margir foreldrar hafa reynslu af því úr grunnskólanum og úr öðrum leikskólum. Heiða mun gera könnun meðal foreldra og ákvörðun tekin í kjölfarið.

Ákveðið var að fara í sveitaferð í lok maí byrjun júní og mun Daníel sjá um að bóka hana.

ritari Eva Lind